

Hungurvofan heilsar Bretum. Auðgunarkreppa og auðgunarstríð

Bankaveldið og alþjóðlegir auðmenn búa til kreppur til að auðgast og skapa glundroða, ringulreið, ótta og óöryggi, svo tryggja megi fylgispekt og undirgefni við yfirvaldið, þ.e. þá sjálfa og málaliða þeirra meðal embættis- og stjórnáráðgjafna. Í þennan jarðveg er svo sáð fyrir „réttri“ vitund og hugsun, einkum með einsleitri fjölmiðlun og samhæfðum áróðri.

Markmið auðvaldsins er stjórnun alheimsins. Úr öskustónni rís hin Nýja heimsskipan (New World Order). Betur skal endurbyggt (build back better) í „Endurræsingunni miklu“ (The Great Reset). Í Alheimsefnahagsráðinu (World Economic Forum) er skálað. (Hver veit nema Katrín Jakobsdóttir fái líka að skála á næsta fundi í Davos eða annars staðar. Hún er handgenginn genginu eins og skólalabráður sínum, Justin Trudeau, sem hún faðmaði svo innilega um daginn.)

Það verður líklega skálað líka á sameiginlegum fundi Alheimsefnahagsráðsins og Sameinuðu þjóðanna. Og hver veit nema Klaus Schwab og Antonio Guterres faðmist líka ástúðlega, því áætlanir beggja stofnananna eru samhæðar. Hjá SP heitir hún: Sjálfbærnimarkmiðin. Katrín er líka afskaplega hrifin af þeim og beinir íslensku þjóðinni ákaft í þá átt með baráttusystkininum í VG. Eitt nefndra markmiða er nefnilega valdefling og framhaldsfrelsun kvenna og dætra þeirra.

Sameinaðir auðdrottinnar þriggja hundraða ráðsins (og forvera þess) hafa stefnt að alheimsyferráðum í drjúgar tvær aldir. Þeir eru iðnir við kolann og auðga stundum hvern annan. Rothschild, Rockefeller, Schiff, Soros, Ford og Gates, eru áberandi um þessar mundir.

Sögulega eru þó skemmtilegastir tíu stórir pabbastrákar, þ.e. fimm synir Mayer Amschel Rothchild (1744-1812), annars vegar, og fimm synir John Davison Rockefeller eldri (1839-1937), hins vegar. Mamma Rothschild sagði syni sína ráða því, hvort í veröldinni ríkti stríð eða friður. En þeir lærðu snemma þá list að græða á stríðum. Hinir runnu á lykt blóðs og auðs. Um þessar mundir græða þeir mest á Úkraínustríðinu.

Margir auðvaldanna hafa komið ár sinni fyrir borð í alls konar sjóðum og stofnunum, ekki síst mennta- og vísindastofnunum, stofnunum æðri menntunar. Sumar hafa þeir stofnað. Og svo hafa þeir auðvitað seilst til áhrifa í þingum, embættisveldi og

ríkisfjölmíðlum lýðræðissamfélaga. Suma leiðtoga þeirra hafa þeirra í taumi skulda, ofríkis og ofbeldis.

Sjóðirnir stunda fjárfestingar, uppkaup á landi og fyrirtækjum, bóluþingar, lyfjaframleiðslu, uppreisnir og stríð jafnvel. Það á sér oft og tíðum stað með stofnun velgjörða-, mannúðar-, fjölmíðlunar-, sannleiks-, frelsis- og lýðræðissamtaka, handan laga hins einstaka ríkisvalds. Slík samtök kallast „nongovernmental organizations.“ RÚV kallar fyrirbærið „frjáls félagssamtök.“

Beinn sumruni ríkisvalds og fyrirtækja (private-public partnership) er önnur leið til áhrifa í veröldinni. Þar starfa auðdrottinnar og stjórnmálamenn lýðræðisríkja náið saman. Yfirvarpið er oft og tíðum einhvers konar mannúðarverkefni eins og bóluþing allra barna í „þriðja heiminum.“ Það snýst eiginlega um tilraunir með lyf og bóluþing á grunlausu fólki.

Eitt dæmi er GAVI, bóluþingssamtök á vegum Bill Gates, Norðmanna og Bretanna (sömu þjóða og átta líka samvinnu um að sprengja Líbíu í tætlur.) Óþægum leiðtogum er mútað, útskúfað eða þeir drepnir. Þetta er tilbrigði við fyrirkomulagið á tímum fasista og nasista.

Alþjóðaaauðvaldið hefur hagnast vel á covid-kreppunni og hernaðinum í Úkraínu. Málaliðar þeirra í stjórnmálunum hafa tryggt gríðarlegar fjárhæðir til kaupa á bóluþingum og vígtólum úr vösum skattgreiðenda. Samtímis hefur verið grafið undan efnahagi vestrænna ríkja (og víðar) í ljósi bábiljunnar um hamfarahlýnun.

Óðaverðbólga kemur í kjölfarið eins og ráð er fyrir gert, vaxtahækkunir í kjölfar hennar. Nú er svo komið í Bretlandi, að fólk etur ekki fylli sína. Fátæktin hefur haldið innreið sína hjá almenningi.

Síðasta árið eða svo, segjast 14% fullorðinna hafa óttast að eiga ekki fyrir viðurværi sínu, samkvæmt nýrri rannsókn. Fjöldi hefur leitað á náðir góðagjörðasamtaka.

Hungurvofan er sem sé komin á kreik á Vesturlöndum, meðan stjórnmálamenn berjast fyrir skerðingu matvælaframleiðslu í nafni umhverfisverndar.

https://www.corbettreport.com/nordangard-un/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://blog.jacobnordangard.se/>

<https://drjacobnordangard.substack.com/p/the-greatest-history-never-told>

<https://www.un.org/en/common-agenda>

<https://digitalcommons.rockefeller.edu/the-rockefellers/37/>

[https://www.sourcewatch.org/index.php?title=E. Richard Brown](https://www.sourcewatch.org/index.php?title=E._Richard_Brown)

<https://www.globalresearch.ca/video-destabilization-world-economy-prof-michel-chossudovsky/5824026>

https://www.globalresearch.ca/video-when-lie-becomes-truth-prof-michel-chossudovsky/5819060?utm_campaign=magnet&utm_source=article_page&utm_medium=related_articles

<https://unherd.com/2023/06/why-britain-cant-control-inflation/?=refinnar>

<https://www.trusselltrust.org/wp-content/uploads/sites/2/2023/06/2023-Hunger-in-the-UK-report.pdf>

<https://unherd.com/2023/06/the-bank-of-england-is-sacrificing-workers/>